



# Vegghengi ég sjálf/ur

Höfundur: Sigríður H. Guðjónsdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENningarans Verkefni í textílmennt fyrir 1. og 2. bekk



## Aðferð:


Útsaumur  
Snúa bönd

## Áhöld:

- ✓ Nál
- ✓ Límbýssa


## Efni:

- ✓ Garnafgangar eða bómullargarn
- ✓ Strigi ca. 55 x 35 cm
- ✓ Trélisti
- ✓ Tölur
- ✓ Vaxlitir



## Vinnulýsing fyrir nemendur

- 1 Teiknaðu sjálfsmynd á pappír og litaðu hana.
- 2 Teiknaðu sömu myndina á strigann og litaðu hana vel.
- 3 Finndu nál og bómullargarn.
- 4 Þræddu garnið í gegnum nálaraugað, settu hnút á endann.
- 5 Saumaðu aftursting meðfram öllum útlínum.
- 6 Það má einnig sauma aftursting meðfram striganum.



- 7 Skreyttu með tölum t.d. fyrir augu.



- 8 Límdu trélista aftan á efri brúnina.
- 9 Snúðu 2–3 bómullarbönd og festu utan um listann.
- 10 Mundu að merkja myndina með nafni og ártali.



## Vinnulýsing fyrir kennara

*Þetta verkefni er hægt að vinna í samvinnu við myndmenntakennara.*

- ✓ Nemendur teikna og lita mynd af sér sjálfum á pappír. Hentug stærð á striga er 55 x 35 cm.
- ✓ Síðan teikna þau hendur, fótleggi, andlit og hár á strigann með vaxlitum og lita svolítið fast.
- ✓ Nemendur sauma meðfram útlínum á myndina og meðfram brúninni á striganum með aftursting. Skreyta með tölum t.d. í augu og peysu.
- ✓ Trélisti, sem er aðeins lengri en striginn, er límdur með heitu lími aftan á við efri brúnina. Listinn er svo límdur aftur þannig að hann lokist innan í brotinu.
- ✓ Nemendur snúa bönd og þau eru bundin á trélistann til að hengja vegghengið upp. Þau merkja myndina með nafni og ártali.

*Önnur útfærsla á þessu verkefni er að vefa búkinn á vefspjald. Stykkið er losað af spjaldinu og gengið frá öllum endum með því að hnýta fyrir uppistöðuna og stinga þeim upp undir vefinn. Búkurinn er saumaður frekar neðarlega á strigann með aftursting eða þéttu þræðispori. Nemendur teikna svo restina af líkamanum með litum. Gengið er frá verkefninu eins og að ofan.*

